

11. janúar 2021 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Tilhögun sorpbrennslumála til framtíðar skoðuð

Mynd: iStock

- [Facebook Link](#)
- [Twitter Link](#)

Skýrsla um þörf fyrir sorpbrennslustöðvar á Íslandi hefur verið gerð aðgengileg á vef Stjórnarráðsins. Skýrslan nefnist [Greining á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi](#) og var unnin af ráðgjafafyrirtækinu ReSource International fyrir Umhverfisstofnun að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Talið er að óendurvinnanlegur úrgangur hér á landi verði á bilinu 40-100 þúsund tonn á ári fram til ársins 2045. Er í skýrslunni fjallað um þrjár mögulegar útfærslur varðandi sorpbrennslu; Eina stóra sorpbrennslustöð á SV-landi, sem hafi 90–100 þúsund tonna brennslugetu á ári, fimm minni sorpbrennslustöðvar sem væru dreifðar um landið og svo útflutning á sorpi til brennslu.

Skýrslan var kynnt á rafrænum kynningarfundum um hátæknibrennslu fyrir úrgang sem Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og samstarfsvettvang sorpsamlaga á suðvesturhorninu héldu í morgun.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, opnaði fundinn og fagnaði útgáfu skýrslunnar. „Mér fannst nauðsynlegt að kalla eftir faglegri úttekt á þeim möguleikum sem okkur standa til boða varðandi brennslu með orkunýtingu, því ljóst er að alltaf verður eitthvað magn úrgangs sem ekki verður hægt að endurnota og endurvinna og þá er betra að brenna það en að urða. Skýrslan er mikilvægt innlegg inn í umræðu um tilhögun sorpbrennslumála á Íslandi til næstu ára og áratuga og nú stendur fyrir dyrum að vinna málin áfram í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Gleymum því samt ekki að auðvitað á mest áhersla að vera á að koma í veg fyrir að hráefni verði að úrgangi, og nauðsynlegt að stórauka endurvinnslu, ekki síst innanlands, í takti við hringrásarhagkerfið.“

[Greining á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi](#)